

Til: Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Vestra
Efni: Greinargerð vegna Olís Siglufirði.

Kröfur: Sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, skal fylgja umsókninni, eftir því sem við á, lýsing á eftirfarandi atriðum vegna mengunarhluta starfseminnar:

1. Stöðinni og starfsemi hennar.

Um er að ræða hefðbundna Olís þjónustustöð með eldsneyti og verslun með smávöru. Neyðarsími er skráður á dæurnar og er svarað í hann allan sólarhringinn. Starfsfólk sinnir umsjón með dælum en einnig er bilanaeftirlit yfir netið til hugbúnaðardeildar og Olíudreifingar. Þær eldsneytistegundir sem seldar eru á staðnum eru: 95 okt bensín, dísel og dísel litur. Þjónustu- og viðhaldsaðili er Olíudreifing. Þeir sjá einnig um áfyllingar á öllum tegundum eldsneytis. Einnig er á staðnum hraðhleðslustöð fyrir rafmagnsbíla.

2. Hráefnum og hjálparefnum, öðrum efnum og þeirri orku sem er notuð eða framleidd í stöðinni.

Þau hráefni sem eru til sölu á stöðinni eru: 95 okt bensín, dísel og dísel litur. Á staðnum eru tvær eldsneytisdælur. Sú orka sem er notuð er rafmagn. Í töflu 1 má sjá hráefnin sem til sölu eru og magn sölu yfir árið 2021.

tafla 1	
Hráefni	Magn lítra selt sem af er 2022
95 okt bensín	297.145
Dísel	294.249
Dísel litur	36.207

3. Upptökum losunar í stöðinni.

Losun frá stöðinni er meðal annars það gas sem myndast við áfyllingu á geyma og við dælingu á bíla. Það gas sem myndast við áfyllingu er tekið til baka inn í áfyllibíl. Ekki er um slíkt að ræða við áfyllingu á bíla. Athuga að eingöngu er um að ræða gas frá bensíni, ekki gerð krafa um slíkt frá dísel.

Losun frá dæluþlani fer í olíuskilju og þaðan í frárennsli. Losun frá bílastæðum fer beint í frárennsli.

4. Staðháttum við stöðina.

Stöðin er staðsett við Tjarnargötu 2-4. Á lóðinni er boðið upp eldsneyti og smávöruverslun. Einnig er á staðnum þvottaplan og boðið upp á loft í hjólbarða. Á lóðinni er einnig útibú Olís þar sem er þjónusta við fyrirtæki og verktaka.

Fjórir tankar eru við stöðina. Einn hefur verið aflagður.

5. Eftir atvikum skýrslu um grunnástand í samræmi við 2. mgr. 15 gr.

Eftir skoðun undirritaðs þá er ekki sjáanleg hættu af stöðinni vegna vatnsverndarsvæða. Má endilega leiðrétta ef rangt er með farið.

6. Eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar frá stöðinni út í hvern hluta umhverfisins, svo og tilgreining á umtalsverðum áhrifum losunarinnar á umhverfið.

Erfitt er meta mögulegt magn olíu sem gæti farið niður á afgreiðsluplan. Mögulega gæti farið niður af einum bíl en olíuskilja tekur vel við því. Í lið 3. er talað um það gas sem myndast við ádælingu.

7. Áformaðri tækni og öðrum aðferðum til að koma í veg fyrir mengun eða, ef það tekst ekki, draga úr losun frá stöðinni.

Til varnar mengun eru ýmsar ráðstafanir. Meðal annars er afgreiðsluplan steyppt með niðurföllum sem liggja í olíuskilju. Dæla er staðsett á 10 cm upphækkun með árekstrarvörnum til beggja enda.

Á staðnum er sjálfvirk tankamæling sem skilar upplýsingum rafrænt til skrifstofu. Með því fyrirkomulagi er í raun sólarhringseftirlit með mögulegri rýrnun/leka á eldsneyti. Mikil framför frá þeirri mánaðarlegu mælingu sem var gerð áður fyrr. Gerð er mánaðarleg skýrsla á öllum sölustöðum Olís um niðurstöðu á rýrnunareftirliti sem er svo safnað í árlega skýrslu. Þar er ekkert sem bendir til að um rýrnun/leka sé að ræða í tönkum á Siglufirði. Að neðan má sjá upplýsingar úr þeirri árlegu skýrslu sem var gerð fyrir Siglufjörð sem af er 2022.

Ár	2021			
Row Labels	Tegund	Sala (magn)	Aukning - Minnkun (magn)	Rýrnun (%)
3450 Siglufjörður	Dísel	297.145	-1.620	-0,1%
3450 Siglufjörður	Bensín 95	294.249	-267	-0,5%
3450 Siglufjörður	Dísel litur	36.207	-111	-3,5%

Á staðnum er mengunarvarnakista komi til minniháttar leka. Einnig er neyðaráætlun og köllunarskrá komi til óhappa.

Á staðnum eru fjórir neðanjarðar einfaldir stálgeymar og einn ofanjarðar, sjá töflu. Neðanjarðageymarnir voru þykktarmældir 2019. Þrír stóðust mælingu, einn stóðst mælingu að hluta og þarf að taka þarf hann úr umferð 2024.

Niðurstöðu þykktarmælinga má sjá í viðhengi.

Með nýju tankamælingarkerfi og reglulegu rýrnunareftirliti telur Olís öruggt að nýta núverandi eldsneytistanka áfram næstu ár. Komi eitthvað í ljós sem gefur annað til kynna verða sú skoðun endurmetin. Alltaf er samt til skoðunar hvort endurnýja og stækka þurfi tanka með það í huga að fækka áfyllingum og ferðum frá dreifingaraðila.

Staður	Stærð geymis	Smíða-efni	Tegund	Smíðaár	Athugasemd
Siglufjörður	10.000	Stál	Dísel	1990	
	6.000	Stál	Dísel	1990	
	20.000	Stál	Bensín	1990	
	15.000	Stál	Bensín	1990	
	4.000	Stál	Dísel litur	2016	Ofanjarðartankur

8. Fyrirbyggjandi ráðstöfunum, undirbúningi fyrir endurnotkun, endurvinnslu og endurheimt úrgangs sem myndast í stöðinni.

Sá úrgangur sem til fellur í sand-og olíuskilju er farið með til urðunar. Annað rusl er flokkað og fargað eftir því.

9. Frekari ráðstöfunum sem eru ráðgerðar til að fara að almennu meginreglunum um grundvallarskyldur rekstraraðila sem kveðið er á um í 11. gr.

Til að efla þær ráðstafanir sem nefndar eru þá var gerður nýr og uppfærður þjónustusamningur við Olíudreifingu um öflugri viðhalds- og eftirlitskerfi með tíðari föstum ferðum á stöðvarnar. Skrifað var undir þann samning í maí 2022.

10. Ráðstöfunum, sem eru ráðgerðar til að vakta losun út í umhverfið.

Bæta mælingar í olíuskiljum og koma upp sjálfvirku viðvörðunarkerfi.

Olíuverzlun Íslands
Dags: 25.11.2022

11. Helstu valkostum, sem umsækjandinn hefur rannsakað, í stað áformaðrar tækni, aðferða og ráðstafana, í formi yfirlits.

Umsækjandi er sífellt að velta fyrir sér möguleikum varðandi mengunarvarnir, losun og flokkun úrgangs. Stöðin verður tekin í yfirhalningu í sumar, dælur endurmerktar og almenn ásýnd uppfærð.

Virðingarfyllst:

Örn Franzson
Forstöðumaður Framkvæmdadeildar Olís